

# Háaleitisskóli



## Umbótaáætlun

2018 – 2019

Ábyrgð - Samvinna - Tillitssemi

- ❖ Skoða þarf ýtarlega nám og kennslu í íslensku á yngsta stigi og greina niðurstöður samræmds íslenskuprófs í 4. bekk. Mikilvægt er að vinna markvisst að því að efla íslenskunám og kennslu nemenda í 1. – 4. bekk.
- ❖ Samræmd könnunarpróf, kennarar fara ýtarlega yfir niðurstöður frá Menntamálastofnun um greiningar á frammistöðu hvers nemanda í viðeigandi bekkjum og skoða hvar megi gera betur. Stefna skólans er að vera yfir landsmeðaltali og að nemendur sýni framfarir milli prófa.
- ❖ Lestrarstefna skólans, Að viðhalda lestrarmenningu skólans, efla lestrarhuga og lestrarfærni nemenda. Stefnan er lifandi skjal sem stöðugt er verið að vinna með. Lestrarteymi skólans heldur utan um lestrarstefnuna og hana verður að laga að nýju námsmati og nýjum kennsluháttum. Lestrarstefnan þarf að vera leiðbeinandi og aðgengileg.
- ❖ Lestrarkannanir eru lagðar reglulega fyrir yfir skólaárið. Lögð eru fyrir skimunarpróf frá Menntamálastofnun, lesfimi í öllum árgöngum skólans. Mikilvægt er að skrá niður stöður í Skólagátt. Einnig er mikilvægt að fara vel yfir niðurstöður prófana.
- ❖ Einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir þá nemendur sem eru í sértækum úrræðum skólans eða fyrir þá nemendur sem víkja frá hefðbundnu námi í bekk.
- ❖ Skimanir frá Fræðsluviði Reykjanesbæjar, unnið verður eftir niðurstöðum úr Logos og Talnalykli í skóla og heima í samráði við foreldra.
- ❖ Námsmatsteymi skólans, heldur áfram að vinna að nýju námsmati og fræðslu fyrir kennara. Stefnt er að því að nemendur frá 5. bekk – 10. bekkjar, ásamt öllum list- og verkgreinum og íþróttum í öllum bekkjum skólans verði í nýju námsmati og fái vitnisburð samkvæmt nýjum námsmatskvörðum vorið 2019.
- ❖ Heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun (PBS), unnið er markvisst að fylgja stefnunni eftir með öflugu upplýsingarflæði til starfsfólk og nemenda skólans. Einnig er markvisst verðir að vinna að gera stefnuna sjálfbæra og sýnilega innan skólans.
- ❖ Samskipti heimili og skóla, lögð verður sérstök áhersla á samvinnu milli heimila og skóla varðandi námsframvindu og líðan nemenda.
- ❖ Upplýsingamiðlun/flæði. Mikilvægt er að stuðla að góðu upplýsingarflæði innan skólans, til nemenda sem og til foreldra.